

		1		15		1		15		1		15		28	
		Janúar				Febrúar				Mars				Apríl	
1	Almenn tollkrit	Sjá eindaga í lið 1.													
2	Skráðir vörugjaldsaðilar (X* gjöld)	Sjá eindaga í lið 2.													
3	Skráðir úrvinnslugjaldsaðilar (B* gjöld)	eindagi													
4	Áfengisgjaldskráðir (V* gjöld)	eindagi er annar virkur dagur eftir lok tímabils													
5	Ökutæki (M* gj.)	eindagi er við nýskráningu ef pappírsgreiðsla													
6	Ökutæki EDI afgr. (M* gjöld)	eindagi													

### Greiðslufrestur aðflutningsgjalda við tollafgreiðslu - Gildir fyrir árið 2013, 2014 og 2015

- Tók gildi 1.4.2013 í Tollakerfi Tollstjóra vegna tollafgreiðslu innfluttra vörusendinga. Lög nr. 21/2013, lög nr. 141/2013 og lög nr. nnn/2014.

Skuldfærður tollur eða gjald á vöru, sem tollafgreidd er innan ákveðins uppgjörstímabils, kemur til innheimtu hjá tollstjóra á sömu eindögunum. Innheimt með giróseðli nema áfengisgjaldskráðra aðila.

#### 1 - Almenn tollkrit – 2 mánaða uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **KA C** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóðar: **D, E** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **SB**

(E kóði gildir um X\* gjöld, almenna vörugjaldið, ef innflytjandi er EKKI skráður vörugjaldsaðili hjá Ríkisskattstjóra)

Eindagar eru tveir og helmingur upphæðar gjaldfellur á hvorum eindaga: 15. næsta mánaðar og 5. annars mánaðar.

**Ofangreint gildir um öll aðflutningsgjöld nema þau sérstöku tilvik sem greint er frá hér að neðan.**

#### 2 - Skráðir vörugjaldsaðilar hjá Ríkisskattstjóra í TBR-Á kerfi (þessi vörugjöld féllu úr gildi 1.1.2015)

TBR gjaldflokkur: **KA E** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóði: **R** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **S9**

Þá gildir eftirfarandi um almenna vörugjaldið (X1, X2, XA, XB, XC, XD og XE gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil. Eindagar eru tveir og helmingur upphæðar gjaldfellur á hvorum eindaga

Eindagar eru 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og 28. þriðja mánaðar.

#### 3 - Skráðir úrvinnslugjaldsaðilar hjá Ríkisskattstjóra í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **UI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóði: **U** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **S7**

Þá gildir eftirfarandi um úrvinnslugjöld (B\* gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil

Eindagi er 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

#### 4 - Skráðir áfengisaðilar hjá Ríkisskattstjóra/ríkislögreglustjóra í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **AI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóði: **V** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **S3**

Þá gildir eftirfarandi um áfengisgjöld (VX, VY og VZ gjöld) (Gildir einnig þegar skuldfært er á miðlara):

Uppgjörstímabil er 1. til 15. hvers mánaðar og 16. til loka mánaðar.

Eindagi er 2. virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

#### 5 - Vörugjald af ökutækjum (þegar innflytjendur tollafgreiða) pappírsgreiðsla

TBR gjaldflokkur: **VF A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóði: **S** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **S6** (ef miðlari)

Eftirfarandi gildir um M\* vörugjöld af ökutækjum (Athuga þó að um tollmiðlara í EDI gilda sérreglur):

Ef tollafgreitt er með pappírsgreiðslu þá er eindagi við nýskráningu ökutækis (eða eftir 1 ár frá tollafgreiðsludegi talið)

(VFA gjaldflokkur í TBR)

Ef tollafgreitt er með EDI/VEF gildir liður 6 hér að neðan

#### 6 – Vörugjald af ökutækjum SMT/EDI tollafgreiðsla – 1 mánaðar uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **VF B** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kóði: **T** Skuldfærslukóði í CUSTAR: **S1**

VF B gjaldflokkur gildir um vörugjald af ökutæki (M\* gjöld) með fastnúmeri, sem skuldfært er í EDI/VEF-tollafgreiðslu.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.